



Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Á fundi velferðarráðs þann 9. október 2019 var lagt fram svar sviðstjóra við fyrirspurn Flokks fólksins, sbr. 20. lið fundargerðar velferðarráðs þann 21. ágúst 2019, um kostnað ferða í akstursþjónustu, biðtíma, tegund notenda og búsetu þeirra.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Í svari við fyrirspurn Flokks fólksins um akstursþjónustu kemur fram að við greiningu á notendum akstursþjónustunnar á tímabili jan. til júní., kom í ljós að 17% eru karlar en 83% eru konur. Óskað er eftir upplýsingum um af hverju þessi mismunur er svo mikill, hvað liggur þarna til grundvallar. Gert er ráð fyrir að velferðarsvið hafi velt þessu fyrir sér og kannað ástæður og óskar Flokkur fólksins eftir að fá upplýsingar um það.“

Svar:

Heildarfjöldi Reykvíkinga sem eru 67 ára og eldri er 15.316. Þar af eru 55% konur en 45% karlar. Skilyrði fyrir að fá akstursþjónustu eru þau að viðkomandi eigi lögheimili í Reykjavík, sé 67 ára eða eldri, búi sjálfstætt, sé ófær um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar og hafi ekki aðgang að eigin bifreið. Velferðarsvið hefur ekki kannað sérstaklega ástæður fyrir mismunandi kynjahlutfalli í akstursþjónustu en það gæti verið áhugavert að jafnréttisskima akstursþjónustuna.

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri